

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 6/2025, um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti og forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er hér með gerð eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði nr. 6/2025, um skiptingu starfa ráðherra:

1. gr.

4. gr. úrskurðarins orðast svo ásamt fyrirsögn:

Félags- og húsnæðismálaráðherra.

Ragnar Þór Ingólfsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir félags- og húsnæðismálaráðuneytið skv. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *félags- og húsnæðismálaráðherra*.

2. gr.

9. gr. úrskurðarins orðast svo ásamt fyrirsögn:

Mennta- og barnamálaráðherra.

Inga Sæland fer með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og barnamálaráðuneytið skv. 9. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *mennta- og barnamálaráðherra*.

3. gr.

Síðara ákvæði til bráðabirgða, sbr. 2. gr. forsetaúrskurðar nr. 87/2025, fellur brott.

4. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 11. janúar 2026.

Halla Tómasdóttir.

(L. S.)

Kristrún Frostadóttir.